Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1987.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Kristín Magnússon.*

7. júlí 1987 Nr. 332

# AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir frystan hörpudisk sem framleiddur er eftir 1. janúar 1987 og þar til annað verður ákveðið.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystan hörpudisk sem framleiddur er eftir 1. janúar 1987 og þar til annað verður ákveðið.

| **Laus- og blokkfrystur hörpudiskur:** | SDR pr. lb. cif. |
|---|---|
| Færri en 60 stk. í lb. | 3,09 |
| Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað | 2,86 |
| Hálfhreinsaður | 1,41 |
| Rauður og brotinn | 1,73 |

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1987.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Kristín Magnússon.*